

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps *64. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 9. janúar. 2014, kl 14:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Bréf Ólafs Rúnars Ólafssonar lögmanns f.h. erfingja Margrétar Lárusdóttur.
3. Bréf Péturs Þórs Jónassonar f.h. Greiðrar leiðar ehf. dags. 13. des.
4. Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, við Hveri.

#### Til kynningar:

Fundargerðir Héraðsnefndar Þingeyinga dags. 22. apríl og 3. des.

Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga dags. 13. des.

Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga dags. 19. des.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Friðrik K. Jakobsson, Pétur Snæbjörnsson.

#### 1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði fundarmönnum gleðilegs nýs árs.

**2. Bréf Ólafs Rúnars Ólafssonar lögmanns f.h. erfingja Margrétar Lárusdóttur.**

Með bréfi dags. 17. desember gerir lögmaður núverandi eigenda gamla skólastjórabústaðar á Skútustöðum kröfu um að sveitarfélagið greiði þeim um 3 millj. kr. vegna tjóns sem varð vegna bilunar á hitaveitu. Krafan er í þremur liðum þ.e. áætlun á eiginlegu tjóni, áætlað tjón vegna afnotamissis og áætluð ofgreidd lóðarleiga. Málsvik eru þau að um mánaðarmótin jan/feb 2012 uppgötvast að hitaveitulögn hafði farið í sundur um 3m frá húsinu. Heitt vatn flæddi undir jarðhæð hússins með þeim afleiðingum að raki komst í gólf og vegg. VÍS kallaði til Almar Eggertsson frá Faglausn ehf. til að meta tjónið vegna vatnslekans. Niðurstaðan er að öll gólfefni á aðalhæð eru ónýt, skemmd er á veggfóðri, málningu og hurðarkörmum ásamt raka í gólfi og lofti í kjallara. Í sept. sama ár kalla eigendur hússins einnig til sama aðila til að meta nefnt tjón og er þá enn mikill raki til staðar. Í júlí s.l. fær Ólafur Rúnar, Eirík Jónsson verkfr. til að vinna álitserð um ástand hússins. VÍS hafði hafnað bótakröfu þar sem tjónið féll ekki undir tryggingarskilmála hitaveitunnar þ.e. hvorki starfsmenn veitunnar né tæki á hennar vegum urðu valdir að tjóninu. Málið fór fyrir úrskurðarnefnd váttryggingarmála sem vísaði því frá. Sveitarstjórn hafnar erindinu en ítrekar fyrra boð þ.e. að greiða efniskostnað vegna viðgerða á húsinu. Böðvar vék af fundi undir þessum lið.

**3. Bréf Péturs Þórs Jónassonar f.h. Greiðrar leiðar ehf. dags. 13. des.**

Með bréfi er hluthöfum í Greiðri leið ehf. boðið að nýta sér forkaupsrétt að 40 millj. kr. hlutfjárukningu í félaginu í samræmi við hlutfjáreign sína. Ætli núverandi eigendur ekki að nýta réttinn verður hann seldur öðrum. Fyrir liggur að Útgerðarfélag Akureyringa ehf. sem er í eigu Samherja hf. er tilbúið að kaupa hlutinn. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti í tölvupósti 17. des s.l. að nýta ekki forkaupsrétt að nefndum hlut og staðfestir það hér með.

**4. Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, við Hveri.**

Fyrir fundinum liggur tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, við Hveri. Breytingin lýtur að því að gert verði ráð fyrir svæði undir verslun og þjónustu austan Námaskarðs.

Breytingartillagan var kynnt skv. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 123/2010, á fundi í Reykjahlíðarskóla 10. des. s.l.

Sveitarstjórn samþykkir fyrrnefnda breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 og felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð skv. 3. mgr. 30. gr. laga nr. 123/2010.

Guðrún María vék af fundi undir þessum lið.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétursson,

Karl Emil Sveinsson,

Friðrik K. Jakobsson,

Pétur Snæbjörnsson.